

**Ed.**

**595. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn refaeldi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni þykir viðsjárvert að samþykkja frumvarp þetta að svo stöddu. Refarækt er arðsöm atvinnugrein, og þó þeir sjeu fáir, sem hana stunda, virðist ekki rjett að banna refaeldi, nema sönnur sjeu á það færðar, eða til þess sjeu mjög sterkar likur, að það sje öðrum atvinnuvegum meira til tjóns en gagninu nemur. Það er að vísu rjett, að fjölgun refa í landinu er hvorttveggja í senn, skaðleg einum aðalatvinnuvegi landsbúa, sauðfjárræktinni, og í þágu þeirra, sem tekjur hafa af yrðlingaveiðum. Er eigi fyrir það að synja, að refaveiðimenn kunni stundum að hlífa fullorðnum dýrum, fremur en ella, þegar hátt verð er í boði fyrir yrðlinga. En álíta má, að aukin eftirsókn eftir yrðlingunum kippi þó hins vegar úr fjölguninni, og er vant að sjá, hvort meira dregur. Ýmsir halda því fram, að refir hafi fjölgað, og kenna um, að tófur sleppi úr eldi. En ólíklegt er, að það sje í þeim stíl, að veruleg áhrif geti haft á fjölgunina, og engar sönnur hafa verið á það færðar, en þó er ekki fyrir það synjandi. Á hinn bóginn er auðsætt, að þar, sem refarækt er að eins örfárra manna atvinnuvegur og í svo algerðu gagnstæði við sauðfjárræktina, þá er fjarri sanni að heimila refaeldi, nema mjög tryggi-

lega sje um búið. Virðist nefndinni sjálfsgöð skilyrði þess eiga að vera: stjórnarleyfi, meðmæli hlutaðeigandi sýslunefnda og öruggar tryggingar fyrir því, að eldi fari að eins fram í reiheldum girðingum, eða eyjum, þar sem engin hætta er á að refir gangi á land; enn fremur það, að aldir refir sjeu markaðir og háar sektir liggi við, ef dýr sleppur úr eldi. Virðist nefndinni rjett, að vel sje athugað, hvort ekki er tiltækilegt að heimila refaeldi með slíkum skilyrðum, og að leitað sje álits sýslunefnda og fróðra manna um málið áður en það er útkljáð, og leggur því til, að það sje afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því skilorði og í því trausti, að stjórnin leiti álits allra sýslunefnda í landinu um þetta mál, fái um það upplýsingar sjerfróðra manna og leggi síðan frumvarp til laga um það fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. ágúst 1919.

Hjörtur Snorrason,  
formaður.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskrifari.  
Með fyrirvara.

Sigurjón Friðjónsson,  
skrifari og framsögumaður.